

22. MARS 2014



HUG-  
REKKI

MANN-  
VIRÐING

SAM-  
HYGD

ÁRSSKÝRSLA GEDHJÁLPAR  
2013

Hagsmunasamtökin Geðhjálpar eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Markmið samtakanna er að stuðla að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu og vinna að bættum hag fólks með geðrænan vanda, barna og fullorðinna, og aðstandenda þeirra.

Hagsmunasamtökin voru sett á fót þann 9. október árið 1979. Um starfsemina fer samkvæmt lögum samtakanna, t.a.m. um árlegan aðalfund, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn þann 13. apríl 2013.

#### **Aðalstjórn Geðhjálpar skipuðu eftir fundinn:**

- Hrannar Jónsson (formaður)
- Sveinn Rúnar Hauksson (varaformaður)
- <sup>1</sup>Jónína Valsdóttir (gjaldkeri)
- Björk Agnarsdóttir (ritari)
- Jón Birgir Einarsson
- Maggý Hrönn Hermannsdóttir
- Róbert Lagerman

#### **Varastjórn:**

- Margrét Ómarsdóttir
- Gunnar Einarsson
- Héðinn Unnsteinsson

#### **BREYTTAR ÁHERSLUR**

Stjórn Geðhjálpar tók ákvörðun um að breyta áherslum í starfsemi félagsins í sumarbyrjun. Meginbreytingin fólst í því að auka vægi hagsmunagæslu á kostnað beinnar þjónustu við félag, þ.e. starfsemi félagsheimilis og mótuneytis. Helstu rökin fyrir breytingunni fólust í því að ekki væri eðlilegt að samtökin sætu beggja vegna borðs, þ.e. sinnu annars vegar þjónustu á eigin vegum og hins vegar eftirliti með þjónustu annarra. Með sama hætti væru önnur félög farin að bjóða upp á ofangreinda þjónustu.

Í framhaldi af ákvörðuninni lá fyrir stjórninni að stokka upp í starfsmannahaldi félagsins og taka ákvörðun um hvort selja ætti húseign félagsins að Túngötu 7. Með tilliti til þess að starfsemi þyrfti ekki lengur á jafn stóru húsnæði að halda undir starfsemina og áður, fyrrsjáanlegs kostnaðar við viðhald og skuldabyrði var tekin ákvörðun um að selja húsið.

---

<sup>1</sup> Jónína sagði sæti sínu í stjórn Geðhjálpar lausu í október. Í framhaldi af því færðist Margrét Ómarsdóttir upp úr varastjórn í aðalstjórn. Jón Birgir Jónsson tók við stöðu gjaldkera í stjórn.

Stjórn Geðhjálpar boðaði til almenns félagsfundar undir yfirskriftinni „Hvað er að gerast hjá Geðhjálpar? Hvert stefnir félagið?“ þann 17. júlí 2013. Stjórnin boðaði til fundarins til þess að kynna áherslur sínar í starfseminni og leita eftir sjónarmiðum félagsmanna um frekari stefnumótun. Í fundarboði kom m.a. fram að fyrir dyrum stæði að selja hús Geðhjálpar og myndi salan setja félagið í allt aðra og sterkari stöðu til þess að styðja við markmið félagsins um umbætur í geðheilbrigðismálum. Húsið var selt fasteignafélaginu Potter ehf. á miðju árinu 2013. Alls sóttu um 50 manns félagsfundinn.

Stjórn Geðhjálpar tók ákvörðun um að ráða til félagsins framkvæmdastjóra og ráðgjafa, hvorn um sig í 100% starf, í kjölfar breytinga á starfseminni. Nýr framkvæmdastjóri tók til starfa í september og ráðgjafi tveimur mánuðum síðar. Stærsti hluti vinnuframlags stjórnar og starfsfólks var helgaður undirbúningi flutninganna á haustmánuðum. Efnt var til opins húss í því skyni að vekja athygli á starfsemi félagsins, veita almenningi tækifæri til að skoða húsið og selja ýmsa innanstokksmuni. Með sama hætti var í tvígang efnt til bílskúrssölu til að selja bækur og aðra smærri muni úr húsinu. Geðhjálpar flutti starfsemi sína í 120 fm leiguhúsnæði í Borgartúni 3 undir lok nóvember 2013. Fullt var út úr dyrum í innflutningsteiti í tilefni af tímamótunum þann 29. nóvember.

## **STARFSEMIN**

Geðhjálpar sinnti hagsmunagæslu af kappi á árinu. Fjölmargir notendur voru studdir með einstaklingsbundnum hætti í réttindabaráttu sinni. Með sama hætti tóku fulltrúar frá félaginu þátt í starfi fjölmargra nefnda á sviði stefnumótunar á vegum hins opinbera. Fulltrúar frá félaginu tóku sem dæmi þátt í óformlegri vinnu við endurskoðun gildandi lögræðislaga á vegum innanríkisráðuneytisins, samráðsvettvangi um mótun fjölskyldustefnu á vegum velferðarráðuneytisins, rýnihópi um stuðningsþjónustureglur og stefnumótun um þjónustu við fatlaða í heimahúsum á vegum Reykjavíkurborgar ásamt starfi nokkurra nefnda innan Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ).

Geðhjálpar sendi frá sér nokkrar umsagnir um lagafrumvarp/þingsályktunartillögur og voru formaður og framkvæmdastjóri boðaðir á fund velferðarnefndar Alþingis til að kynna frekar umsagnir um breytingar á lögum um aðgang að sjúkraskrá og þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu. Formaður og framkvæmdastjóri fóru einnig í heimsókn á Litla-Hraun og Sogn í því skyni að kynna sér geðheilbrigðisþjónustu við fanga. Framkvæmdastjóri og ráðgjafi heimsóttu réttargeðdeildina á Kleppi ásamt fleiri deildir á sviði geðheilbrigðisþjónustu innan spítalans. Jafnframt kynnti ráðgjafi starfsemi félagsins með reglulegum hætti á deildunum.

Félagið tók virkan þátt í opinberri umræðu á sviði geðheilbrigðismála, skoraði á ríkisstjórnina að falla frá hugmyndum sínum um legugjald til sjúklinga og hvatti til úrbóta á sviði geðheilbrigðisþjónustu við fanga svo dæmi séu nefnd. Ötullega var unnið að fræðslu og forvörnum, m.a. í tengslum við Alþjóða geðheilbrigðisdaginn þann 10. október.

Geðhjálp lagði sig fram um að sinna ráðgjafaþjónustu á árinu. Ráðgjafi í 80% starfi lauk störfum hjá félaginu 9. ágúst. Nýr ráðgjafi með sálfræðimenntun hóf störf hjá félaginu í byrjun nóvember eins og áður er getið. Framkvæmdastjóri naut aðstoðar talsmanns notenda á Landspítalanum við ráðgjöfina hluta úr ágúst, í september og október. Að jafnaði var hátt í 50 erindum sinnt í gegnum síma, tölvupóst og í viðtölum í hverjum mánuði eða ríflega 500 á árinu. Vegna mannbreytinga varð misbrestur á því að haldið væri utan um nákvæman fjölda erinda til ráðgjafa á árinu 2013. Lögð verður áhersla á að bæta úr þessu með nákvæmu skráningarkerfi á árinu 2014.

Geðhjálp hýsti starfsemi þriggja sjálfshjálparhópa: geðhvarfahóps, félagsfælmi- og kvíðahóps og aðstandendahóps á árinu 2013. Hlé var gert á starfsemi aðstandendahópsins undir lok ársins. Honum var aftur hleypt af stokkunum í upphafi yfirstandandi árs. Jafnframt var ýtt úr vör opnum sjálfshjálparhópi á skrifstofutíma á mánudögum. Þónokkrir fyrirlestrar um geðheilbrigði og kynningar á starfsemi félagsins voru haldnar á vegum félagsins á tímabilinu.

Geðhjálp efndi til ráðstefnu um sjálfræðissviptingar, nauðungarvistanir og valdbeitingu í geðheilbrigðisþjónustu undir yfirskriftinni „Hvers virði er frelsið?“ þann 23. janúar síðastliðinn. Meginmarkmið ráðstefnunnar var að leiða fram sjónarmið notenda, aðstandenda og fagfólks í því skyni að stuðla að réttarbótum og auka skilning á sjónarmiðum alvarlegra geðsjúkra. Óhætt er að segja að ráðstefnan hafi tekist framur vonum. Þátttakendur voru um 300 notendur, aðstandendur og fjölbreyttur hópur fagfólks, m.a. úr sálfræði-, heilbrigðis- og lögfræðigreinum. Fjölmiðlar sýndu umfjöllunarefni ráðstefnunnar talsverðan áhuga og innanríkisráðuneytið óskaði eftir kynningu á niðurstöðum hennar á óformlegum fundi nefndar um endurskoðun lögræðislaganna. Um 40 nýir félagar gengu í Geðhjálp í tengslum við ráðstefnuna.

Viðburða- og fræðsludagskrá Geðhjálp var hleypt af stokkunum með sýningu heimildarkvikmyndarinnar „Kings Park“ þann 14. janúar í ár. Kvikmyndin fjallar um persónulega reynslu, stofnanavæðingu og afstofnanavæðingu í bandaríska geðheilbrigðiskerfinu. Í kjölfarið var efnt til bókmenntakvölds þann 11. febrúar. Þar fjallaði Kristín Steinsdóttir, rithöfundur, um tilurð skáldsögu sinnar, Ljósu. Sagan fjallar um glímu aðalpersónunnar, Ljósu, við geðhvörf í íslenskri sveit á fyrrihluta síðustu aldar. Síðast en ekki síst var efnt til Bingókvöld þann 11. mars síðastliðinn. Viðburðirnir voru allir haldnir í Borgartúni 3 og voru afar vel sóttir.

Stjórn Geðhjálpar ákvað að stofna sérstakan ráðgjafahóps til stuðnings stjórninni í lok ársins 2013.

**Eftirtaldir áttu sæti í ráðgjafahópnum:**

- Auður Styrkásdóttir
- Guðlaugur Ellertsson
- Hulda Dóra Styrmisdóttir
- Ingólfur H. Ingólfsson
- S. Allan Morthens

Ráðgjafahópurinn hélt þrjá fundi um fyrirhugaðar lagabreytingar, styrktarsjóð og almenna starfsemi félagsins í desember, janúar og febrúar með fulltrúum úr stjórn og framkvæmdastjóra. Þá veitti Ómar H. Kristmundsson, prófessor við stjórnmaladeild Háskóla Íslands, hópnum ráðgjöf. Stjórnin færir ráðgjafahópnum sínar bestu þakkir fyrir dýrmæt ráð og stuðning.

Geðhjálp kallaði saman fulltrúa frjálsra félagasamtaka á sviði geðheilbrigðismála í byrjun ársins. Hópurinn var á eitt sáttur um að efna til formlegs samstarfsvettvangs með mánaðarlegum fundum. Fyrsta sameiginlega verkefni hópsins er að efna til fundar með oddvitum framboða til sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík þann 30. apríl næstkomandi. Annað sameiginlega verkefni hópsins er að gefa út sameiginlegan bækling um starfsemi félaganna.

Geðhjálp réð tvo starfsmenn, framkvæmdastjóra og sálfræðing, í föst 100% störf á árinu eins og áður er getið. Að auki réð framkvæmdastjóri starfsmann í 30% starf (Atvinna með stuðningi) til þriggja mánaða í byrjun febrúar. Jafnframt starfar skiptinemi í sjálfboðaliðavinnu og nemi í vettvangsnámi í tómsunda- og félagsmálafræði tímabundið hjá félaginu.

Félagsmönnum fjölgaði úr um 440 í 540 á tímabilinu. Geðhjálp gekk á ný í raðir ÖBÍ haustið 2013. Félagið tekur virkan þátt í starfsemi félagsins með þátttöku sinni í ýmsum ráðum og nefndum.

## STEFNUMÓTUN

Stjórn og starfsfólk tók höndum saman um stefnumótun Geðhjálpar undir heitinu „Ný sýn á traustum grunni“ haustið 2013. Stefnumótunin felur í sér umfjöllun um hlutverk og meginmarkmið félagsins ásamt aðgerðaráætlun til þriggja ára með ákvæði um árlega endurskoðun. Stefnumótunin ól af sér **þrjú gildi** Geðhjálpar:

- **Hugrekki** því að samtökin eru óhrædd við að taka forystu um og eiga þátt í umræðum um erfið og viðkvæm málefni.
- **Mannvirðing** því að samtökin leggja áherslu á virðingu í öllum mannlegum samskiptum, þ. á m. gagnvart félögum, samstarfsaðilum innan frjálsra félagasamtaka og öðrum hagsmuna- og samstarfsaðilum.

Samtökin leggja áherslu á mannvirðingu gagnvart þeim sem eiga við geðsjúkdóma að stríða, að þeim sé aldrei sýnd vanvirðing, þeir séu hvorki beittir nauðung, ofbeldi né annarri vanvirðandi meðferð.

- **Samhygð** því að samtökin setja sig inn margþætt sjónarmið einstaklinga í því skyni að vinna faglega í þágu almannaheilla á sviði geðheilbrigðisþjónustu.

Í stefnumótuninni er áhersla lögð á hagsmunagæsluhlutverk félagsins. Geðhjálp veitir einstaklingum stuðning við að fylgja eftir ábendingum/athugasemdum um réttindi, þjónustu og almennan aðbúnað. Farið er í vettvangsferðir í því skyni að kanna aðbúnað og hlusta eftir ábendingum um þjónustu. Veittar eru umsagnir um þingsályktunartillögur og lagafrumvörp í tengslum við geðheilbrigði og áfram mætti telja.

Með sama hætti taka fulltrúar félagsins þátt í vinnu við opinbera stefnumótun með þátttöku í nefndum um mótun laga og lagabreytinga. Formaður, aðrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri taka þátt í opinberri umræðu um á sviði geðheilbrigðismála. Síðast en ekki síst leiðir félagið samstarf annarra frjálsra félagasamtaka á sviði geðheilbrigðismála um ýmis sameiginleg verkefni á sviði geðheilbrigðismála ásamt því að efna til funda og ráðstefna um málefni fólks með geðraskanir og geðfötlun.

Í stefnumótuninni kemur fram að framtíðarsýn Geðhjálpar sé að verða leiðandi, áræðin hagsmunasamtök um réttindi og framþróun geðheilbrigðis í landinu.

## **FJÁRHAGUR**

Rekstrartekjur Geðhjálpar voru tæplega 33.000.000 kr. á árinu. Hæst nam framlag frá ríki, 17.000.000 kr., og Reykjavíkurborg, 15.000.000 kr. Rekstrargjöldin voru ívið hærri en rekstrartekjur eða ríflega 34.800.000 kr. Halli á rekstri félagsins var því hátt í tvær milljónir króna og skýrist hann annars vegar af kostnaði við endurskoðunarskýrslu ráðgjafafyrirtækisins KPMG og flutningi félagsins í nýtt húsnæði. Fjárhagur Geðhjálpar stendur engu að síður á traustum grunni enda seldi félagið húseign sína við Túngötu á árinu eins og áður var lýst. Þegar dregnar hafa verið frá verði hússins skuldir og annar kostnaður nemur hagnaður félagsins af sölunni ríflega 151.000.000 kr. Hagnaður ársins nemur því samtals ríflega 149.000.000 kr.

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg mun veita 5.000.000 kr. til starfseminnar á árinu 2014. Ekki hefur ennþá borist endanlegt svar frá ríkinu um fjárframlag til félagsins á árinu.

## **FRAMTÍÐIN**

Stjórn Geðhjálpar hefur lýst yfir vilja sínum til að stofna styrktarhóp Geðhjálpar á árinu. Með styrktarhópnum gefst áhugasömum félögum kostur á að styrkja félagið með mánaðarlegu gjaldi. Ljóst er verkefnið krefst ákveðins stofn- og rekstrarkostnaðar. Á hinn bóginn eru líkur taldar á því að styrktarhópur muni skila jákvæðum árangri í starfsemi og rekstri félagsins til lengri tíma.

Sitjandi stjórn Geðhjálpar hefur falið framkvæmdastjóra félagsins að leita að húsnæði fyrir félagið til kaups. Leitað er að hentugu skrifstofuhúsnæði á hóflegu verði, miðsvæðis í borginni. Að öðru leyti hefur stjórnin ekki tekið ákvörðun um hvernig fjármagni vegna húsasölnunnar verði varið. Uppi hafa verið hugmyndir um stofnun styrktarsjóðs til að styrkja verkefni á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Samþykkt vegna sjálfseignarstofnunar slíks styrktarsjóðs liggur fyrir og bíður ákvörðunar nýrrar stjórnar. Jafnframt hefur verið lagt til að afmörkuð upphæð verði lögð í vörslusjóð til að koma til móts við stofnkostnað við ýmis konar þróunarverkefni og sveiflur í rekstri félagsins.

## NIÐURLAG

Starfsemi Geðhjálpar hefur ekki verið átakalaus á árinu. Áherslubreytingar í starfseminni urðu til þess að segja varð upp starfsmönnum ásamt því að ákveðið var að selja fasteign félagsins að Túngötu. Félagsmenn voru ekki á eitt sáttir við þessa ákvörðun eins og ætíð þegar gerðar eru miklar breytingar á rótgróinni starfsemi. Þá sagði einn stjórnarmaður sæti sínu lausu á haustmánuðum.

Eftir að breytingarnar eru um garð gengnar virðist óhætt að segja að breytt stefna gefi góðar vonir um að starfsemin eigi eftir að blómstra í framtíðinni. Félagið hefur ekki látið sitt eftir liggja í umræðunni um geðheilbrigðismál. Jákvæðar vísbendingar eru um vaxandi skilning almennings á andlegum veikindum og umræðan hefur opnast um nýjar hliðar veikinda af þessu tagi. Ennþá er þó á brattan að sækja. Víða er ljóst að gera þarf umbætur í geðheilbrigðisþjónustu, þ.á m. við fanga, ungmenn með tvíþættan vanda, eldri borgara og veikustu einstaklingana. Ekki má heldur gleyma því að notkun geðlyfja fer sívaxandi í íslensku samfélagi og hefur t.a.m. notkun þunglyndislyfja aldrei verið meiri meðal þjóðarinnar.

Geðhjálp hefur því ærið verkefni fyrir höndum í framtíðinni.